

Skrúfudagur Vél-skólans í dag

HINN árlegi „Skrúfudagur“ Vél-skóla Íslands í Reykjavík verður haldinn í 13. sinn laugardaginn 16. mars. Þessi dagur er tileinkaður kynningu nemenda á námi því er fram fer í Vél-skóla Íslands. Með honum vilja nemendur kynna nám og starfsemi innan veggja skólans fyrir væntanlegum nemendum, svo og öðrum þeim, er hafa áhuga á málefnum Vél-skólans.

Í Vél-skóla Íslands eru nú 330 nemendur, þar af 300 í skólanum í Reykjavík.

Sú staðreynd blasir nú við vélstjórastéttinni, að um 60% þeirra manna sem stunda vélstjórnar- og vélgæslustörf, eru réttindalaus og því mundu nemendur gera allt,

sem í þeirra valdi stendur, til þess að bæta úr þessu ástandi m.a. með aukinni kynningu á námi og starfi innan Vél-skólans.

Nemendur vonast til þess, að sem flestir, sem hafa áhuga á vélstjórnarstörfum, svo og þeir, sem bera hag skólans fyrir brjósti, fjölmenni á „Skrúfudaginn“.

Dagskrá „Skrúfudagsins“ hefst með hátíðarfundum í Hátíðarsal Sjómannaskólans kl. 13.30. Að loknum hátíðarfundum hefst svo kynning á starfsemi skólans, og stendur kynningin til kl. 17.00.

Kaffveitingar á vegum Kvenfélagsins keðjunnar, sem er félag eiginkvenna vélstjóra, verða í veitingasal Sjómannaskólans frá kl. 14.00.

Verkstjórar á námskeiði

Í GÆR, föstudag, lauk í Reykjavík fjögurra vikna námskeiði fyrir verkstjóra sveitarfélaga, sem haldið hefur verið í tveimur áföngum í vetur. Námskeið sóttu 16 verkstjórar frá: Akranesi, Ólafsvík, Patreksfirði, Blönduósi, Dalvík, Akureyri, Vopnafirði, Fáskrúðfirði, Vestmannaeyjum, Eyrbakka, Hafnarfirði og úr Reykjavík.

Auk almennrar verkstjórnar var megináherzla lögð á leiðbein-

ingar í mælingum, úrvinnslu uppdráttu, vali vinnuvéla og áhaldna og sérstaklega var fjallað um einstaka þætti tæknimála svo sem vatnsveitur, hitaveitur og gatnagerð úr varanlegu efni.

Námskeið þetta var liður í hinum reglulegu námskeiðum Verkstjórnarfræðslunnar, en náms efni valið í samráði við Samband ísl. sveitarfélaga, og er þetta í annað sinn, sem slíkt námskeið er haldið.



Veturliði Gunnarsson ásamt nokkrum verka sinna.

Tvær sýningar á Kjarvalsstöðum


TVÆR sjálfstæðar málverk-sýningar verða opnaðar á Kjarvalsstöðum í dag, laugardaginn 16. marz klukkan 2.00. Hér eru á ferðinni listmálararnir Veturliði Gunnarsson og Hafsteinn Austmann og munu sýningar beggja standa til 24. þ.m.

Á sýningu Hafsteins Austmanns eru 49 myndir, sem flestar eru málaðar á sl. fjórum árum og hafa flestar þeirra komið fyrir almenningssjónir áður. Flest verkanna eru olíumálverk máluð á striga en auk þess eru þarna nokkrar acryl-myndir og átta vatnslitamyndir, sem eru nokkrum eldri. Þetta er 6. sýning Hafsteins hér heima en hann sýndi fyrst í gamla Listamannaskálanum árið 1956.

Veturliði Gunnarsson sýnir að þessu sinni rúmlega 100 myndir og eru þær frá ýmsum árum. Flestar myndanna hafa ekki verið sýndar áður en þetta eru mest pastel-myndir en einnig eru nokkrar olíumyndir og olíukrítarmyndir. Veturliði sýndi fyrst árið 1952 og hefur hann síðan haldið fjölda sýninga og tekið þátt í sam-sýningum bæði hér heima og erlendis. Um þessar mundir er

hann með myndir á sýningum í Bandaríkjunum, Þýskalandi og Stokkhólmi og þegar sýningunni á Kjarvalsstöðum lýkur fer hann til Bandaríkjanna þar sem hann mun sýna 40—50 olíumyndir.

Báðar sýningarnar eru opnar frá kl. 4.00—10.00 þriðjudega—föstudaga frá 2.00—10.00 laugardaga og sunnudaga.



Hafsteinn Austmann við verk sitt „Línudans“. (Ljós. Mbl. Ól.K.M.)



Öll fullkomnustu tæki í hjartabílinn

„Lionsklúbburinn Fjöltnir í Reykjavík hefur gefið eitt hundrað þúsund krónur í „Hjartabílsöfnun Bláðamannafélags Íslands“. Nú hefur safnast hátt á þriðju milljón króna, og gerir það kleyft að kaupa í bílinn öll þau fullkomnustu tæki, sem á markaðnum eru. Bílinn er væntanlegur til landsins í maí, en nú er verið að byggja yfir hann hjá fyrirtæki í Noregi. Lionsklúbburinn Fjöltnir

er hefur á undanförunum árum styrkt margvísleg málefni. Má þar meðal annars nefna Barnaheimilið á Silungapólli, á meðan það var starfrækt, heimilið í Víðinesí og ásamt öðrum Lionsklúbbum gaf Fjöltnir verulega upphæð í Vestmannaeyjasöfnunina. Í vetur hefur klúbburinn styrkt skátaflokk til þess að innrétta húsnæði og ekki má gleyma tveimur ljónum, sem hann gaf Sæðyrasafninu.

Myndin er tekin er klúbbfélagar gáfu í „Hjartabílsöfnunina“. Talið frá hægri eru: Þór Guðjónsson, umdæmisstjóri, Davíð Guðmundsson, gjaldkeri, Gylfi Hinriksson, fráfarandi formaður, Ragnar Gunnarsson, formaður, Arni Gunnarsson, formaður söfnunarnefndar BÍ, og Gústav Söfnun, ritari. Bláðamannafélagið færir Fjöltnismönnum bestu þakkir fyrir gjöfina.

Ásgeir Magnússon framkvæmdastjóri Bæjarútgerðar Rvíkur

ÞORSTEINN Arnalds, framkvæmdastjóri bæjarútgerðar Reykjavíkur, hefur sagt lausu starfi sínu sem framkvæmdastjóri útgerðarinnar af heilsufarsástæðum. Uppsögn Þorsteins fylgir vottorð frá lækni, sem telur nauðsynlegt, að Þorsteinn hverfi úr því starfi, sem hann hefur gegnt hjá BÚR, þar eð annað kynni að hafa mjög slæm áhrif á heilsu hans.

Útgerðarráð samþykkti eftirfarandi ályktun einróma:

„Útgerðarráð þakkar Þorsteini Arnalds störf hans hjá Bæjarútgerð Reykjavíkur um 28 ára skeið. Telur útgerðarráðið sjálf-sagt, að honum verði greidd eftirlaun og felur formanni ráðsins að ræða við borgarstjóra, hvornig greiðslum til Þorsteins verði jafnað milli Bæjarútgerðarinnar og lífeyrissjóðs starfsmanna borgarinnar.“

Þorsteinn hefur átt við vanheilsu að stríða síðustu árin.

● NÝR FRAMKVÆMDASTJÓRI RÁÐINN

Á fundinum kom fram tillaga frá Sveini Benediktssyni, formanni útgerðarráðs, um að ráða Ásgeir Magnússon, Hrauntúni við Alftanesveg, sem annan af tveimur framkvæmdastjórum Bæjarútgerðar Reykjavíkur frá og með 15. maí næstkomandi. Var tillagan um ráðningu Ásgeirs samþykkt með atkvæðum Sveins, Einars Thoroddsens, Harðar Helgasonar og Jónasar Jónssonar, en Guðmundur Vigfússon sat hjá við atkvæðagreiðsluna um ráðninguna. Hafði Guðmundur óskað þess, að framkvæmdastjórastaðan yrði auglýst laus til umsóknar með umsóknarfresti til 15. apríl næstkomandi, en sú tillaga verið felld með 4 atkvæðum gegn einu. Ráðning Ásgeirs sem framkvæmdastjóra BÚR var staðfest á fundi borgarráðs í gær samkvæmt tillögu Birgis Ísleifs Gunnarssonar borgarstjóra og með atkvæðum borgarráðsmannanna Ólafs B. Thors, Alberts Guð-



Ásgeir Magnússon

mundssonar, Markúsar Arnar Antonssonar og Kristjáns Benediktssonar. Adda Bára Sigfúsdóttir sat hjá við atkvæðagreiðsluna. Ásgeir Magnússon hefur verið framkvæmdastjóri Samvinnu-trygginga frá árinu 1958.

Skautasvell boðið út

Á NÆSTUNNI verða boðnar út framkvæmdir við skautasvell í Laugardalnum, sem Reykjavíkurborg hyggst láta gera. Verður skautasvellið austan við Laugardalshöllina, 60x30 m að yfirborði og komið þar fyrir leiðslum og vélfrystitækjum, þannig að hægt sé að frysta fyrir skautasvellið. En við svellið verða búningasklef-

ar, söluaðstaða, geymslur og vél-arhús.

Í sumar er ætlunin að grafa fyrir skautasvellinu, skipta um jarðveg, gera gang umhverfis svellið og steypa plötu undir húsin, en síðan verður haldið áfram þegar meiri fjárveiting er fyrir hendi, að því er Stefán Kristjánsson, íþróttafulltrúi borgarinnar, tjáði Mbl.

Stefán sagði að reynslan yrði að skera úr um það hvort okkar östöðuga veðráttu leyfði skautasvell, jafnvel þó frystivélabúnaður væri fyrir hendi, en ef svo reyndist að það gengi illa, þá væru menn viðbúin því að geta byggt yfir svellið og gert úr því skautahöll síðar.